

Nd.

281. Frumvarp

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og

greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43, 4. júní 1924, var Eimskipafjelag Íslands b/f undanþegið frá því að greiða tekju- og eignarskatt um 5 ára tímabil, eða til ársloka 1928. Jafnframt var svo ákveðið í lögnum, að fjelagið greiddi ekki aukaútsvar í bæjarsjóð e'tir efnunum og ástæðum, heldur greiddi það 5% af nettó ágóða næsta árs á undan.

Þessi ákvæði um skattgreiðslu fjelagsins ganga úr gildi 31. desember þ. á., en á hinn bóginn hafa fjárhagsástæður fjelagsins ekki breyst til hins betra, þannig að það standi nú betur að vígi um að greiða skatt og útsvar en árið 1924; siður en svo, þar sem fjelaginu hefir á síðastliðnu ári bæst nýtt og dýrt skip, sem erfitt er að láta bera sig sæmilega, vegna þess hve enn er litill útflutningur á kælivörum, sem það þó er aðallega bygt fyrir.